



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nafn leikskóla

Grandaborg / Hagaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4. Starfspróunarsamtöl.....	9
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	9
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7. Foreldrasamstarf	10
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
9. Þróunarverkefni.....	10
10. Fylgiskjöl:	11
10.1 Leikskóladagatal	11
10.2 Innra mat Mánalands 2025-2026	12
10.3 Innra mat Stjörnulands 2025-2026.....	13
10.4 Innra mat Fiskalands 2025-2026	14
10.5 Innra mat Drekalands 2025-2026.....	15
10.6 Umbótaáætlun Mána- og Stjörnulands 2026-2027	16
10.7 Umbótaáætlun Fiskalands og Drekalands 2026-2027	18
10.8 Umsögn foreldraráðs.....	20





1. Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár einkenndist af flutningum á milli starfsstöðva. Aðalhúsi Hagaborgar var lokað þegar sumarleyfi hófst síðasta sumar. Eftir sumarleyfi vorum við fyrst á fjórum starfsstöðvum, væntanleg skólabörn voru í Hagaskóla og síðar í Frosta, í aukahúsi á lóð Hagaborgar, á Barónsborg og með eina deild á Vörðuborg. Fljótt varð ljóst að húsnæði Barónsborgar var ekki í góðu ásigkomulagi svo við fórum þaðan yfir í Ármúla 38-40.

Í lok febrúar fluttum svo öll saman í húsnæði Grandaborgar að Boðagranda 9. Mikil ánægja hefur verið meðal barna, starfsmanna og foreldra eftir þá flutninga. Hér hafa bæði systkini og starfsmenn sameinast á nýjan leik.

Í desember 2023 flutti hluti Grandaborgar í aukahús sem þá var nýreist á lóð Hagaborgar. Síðar tók Hagaborg yfir rekstur hússins og starfsfólk og börnin urðu þannig Hagaborgarar. Samvinna á milli Grandaborgar og Hagaborgar hefur ávallt gengið vel. Það er því gleðilegt að við höfum getað farið öll saman yfir í Grandaborgina. Nú tekur við námskrárvinna þar sem áherslur Grandaborgar og Hagaborgar verða sameinaðar og gamlar hefðir teknar upp og nýjar búnar til. Við notuðum nöfn deilda Hagaborgar þegar við fluttum en þegar nýtt skólaár hefst munum við taka upp deildarnöfn Grandaborgar. Á áætlun er að setja aukahús á lóð Grandaborgar næsta vetur og munu því tvær deildir bætast við þær sem fyrir eru.

Þessi starfsáætlun er byggð á starfi Hagaborgar síðasta skólaár og því sem verður næsta skólaár í Grandaborg. Hún tekur mið af þeim áherslum sem stjórnendateymið hefur rætt um. Við vorum nýlögð af stað í þá vegferð að taka upp Lubba námsefnið þegar við þurftum að flytja. Það verður því lögð áhersla á það næsta vetur að allar deildir verði með Lubba stundir. Hreyfing hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í starfi Hagaborgar og Grandaborg var með útinám. Við munum halda í þetta tvennt næsta vetur. Grandaborg státaði áður af fjölbreyttum efnivið til sköpunar og munum við fara markvisst í þá vinnu að safna að okkur efnivið næsta vetur og gefa börnum tækifæri til frjálsrar sköpunar.

Við förum full tilhlökkunar inn í næsta skólaár með því markmiði að búa til öflugt fagstarf sem og samstarf starfsmanna og foreldra.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Flutningar	
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi 4. maí 2026. Fyllt var út eyðublað sem búið var til af leikskólastjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Að þessu sinni tóku eingöngu starfsmenn þátt í matinu. Við höfum flutt oft á þessu skólaári og höfum ekki haft tækifæri til taka fleiri með í matið. Í foreldraviðtölum á vori má greina mikla ánægju foreldra með núverandi húsnæði og starfseminu í því.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir sammála um að starfsandinn í húsinu sé góður. Gott að vera komin á einn stað. Erum að læra á húsnæðið og umhverfi hans. Styrkleikinn er einkum fólgin í fjölbreyttum og samstilltum starfsmannahóp. Tækifæri til umbóta í haust eru að koma matsalnum í gagnið og nýta salinn þess á milli í hreyfingu. Þá þurfum við að gera nýja námskrá sem verður skemmtilegt verkefni.

Útivera	
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi 4. maí 2026. Fyllt var út eyðublað sem búið var til af leikskólastjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Að þessu sinni tóku eingöngu starfsmenn þátt í matinu. Við höfum flutt oft á þessu skólaári og höfum ekki haft tækifæri til taka fleiri með í matið að öðru leyti en því að við sjáum hve glöð börnin eru með útisvæðið okkar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Garðurinn er mjög stór og áskorun að hafa yfirsýn yfir hann allan. Gera svæðisskiptingu og reglur fyrir garðinn. Dreifa útiverunni yfir daginn á deildunum þannig að hluti barna séu úti og hluti inni. Sem og að gera vikulegar ferðir í KR húsið skipulagðri hreyfingu.





Ytra mat

Stofnun ársins - starfsmannakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmenn fengu senda könnun á Reykjavíkurnetfangið sitt.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn Hagaborgar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þegar allir matsþættir eru teknir saman þá er skorar Hagaborg 0,11 stigum lægra en Vesturmiðstöð-leikskólar. Hagaborg skorar hærra í einhverjum þáttum eins og starfsanda og sveigjanleika í vinnu. Hagaborg skorar lægra í ímynd, ánægju og stolt og vinnuskilyrðum. Það gæti stafað af því að Hagaborg hefur verið staðsett á þremur starfsstöðvum í vetur við mismunandi aðstaður. Í lok febrúar fluttum við öll saman á Grandaborg og öll aðstaða mun betri. Mikla ánægju má greina bæði hjá starfsmönnum og foreldrum. Börnin eru ekki síst glöð með að vera öll saman og með þennan frábæra garð.

Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Foreldrar Hagaborgar fengu senda könnun á netfangið sitt.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar barna í Hagaborg.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þegar tafla um meðaltal spurninga er skoðuð þá skorar Hagaborg á pari við meðaltalið í Reykjavík í flestum þáttum. Síðasta vetur vorum við að mestu á þremur starfsstöðvum og nokkur mannekla. Við skorum örlítið lægra í þáttum eins aðgangur að fjölbreyttum efnivið og að börn hafi tækifæri á að skapa verk/verkefni í anda Menntastefnu Reykjavíkur. Þar eru tækifæri til umbóta þar sem við erum komin í eitt hús. Einnig fengum við lægra skor varðandi hvort starfsfólkið þekki þarfir barnsins og sýnileika á þeim matsaðferðum sem notaðar eru til að meta þroska og framfarir barnanna. Hér er vissulega tækifæri til umbóta. Þrátt fyrir allt telja foreldrar að barninu líði vel í leikskólanum og sé öruggt sem sýnir starfinu ákveðinn styrkleika.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur -skólanámskrá	Að búa til nýja námskrá fyrir Grandaborg sem hefur legið í dvala í nokkur ár.
Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir starfsmenn komi að gerð námskrárinnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa starfsfólki tíma til að ígrunda þætti í aðalnámskrá leikskólanna og Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og lokið í maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Nýta starfsdaga og deildarfundi til að fara yfir þætti í væntanlegri námskrá. Halda fundi með börnunum um áhugsvið þeirra.
Viðmið um árangur.	Að námskráin verði útgefin fyrir gerð starfsáætlunar í maí 2027 og að sátt ríki um hana meðal starfsmanna.

Menntastefna -læsi í víðum skilningi	
Umbótaþáttur: Lubbi	Að gera læsiskennslu í gegnum Lubba námsefnið markvisst á öllum deildum.
Hvaða árangri er stefnt að?	Að hver deild búi til áætlun fyrir sinn aldur þannig að þegar barn skiptir um deild þá verði framhald á því sem þegar er búið að leggja inn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera skráningar um hvað er gert og útbúa áætlun fyrir næsta vetur
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í maí 2027.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Skrá hvað er lagt inn í hvert sinn og hvernig gekk það. Endurtekning til að kanna hvort efnið hafi skilað sér. Nýta fjölbreyttar leiðir til þess. Fá börnin með í spjall um hvað var verið að fjalla.
Viðmið um árangur	Að næsta vor sé til hugmyndabanki / skipulag fyrir hvern aldur.

Heilbrigði	
Umbótaþáttur -útvera, hreyfing, útinám	Skipuleggja útiveruna í garðinum, hreyfing í sal / KR og útinám.
Hvaða árangri er stefnt að?	Að hreyfing verði stór hluti af daglegu starfi. Nýta má hreyfingu í að samþætta aðra grunnþætti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hver deild geri ráð fyrir að hluti barna sé útivið ýmist í útiveru, útinámi, eða vettvangsferð tvisvar á dag. Hafa markvissar kennslustundir í sal og í KR (eldri börnin).
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í október 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Umræður á deildarfundum og stjórnendateymisfundum um hvernig skipulagið gengur. Fá endurgjöf frá börnunum um hvernig þeim finnst ákveðnir þættir.
Viðmið um árangur	Að hreyfing verði markviss þáttur af daglegu starfi og að bæði börn og starfsfólk hafi ánægju af því.





Sköpun	
Umbótaþáttur : sköpun	Að börnin fái að nýta sköpunargleði sína frumkvæði og frumleika. Að það hafi aðgang að margvíslegum efnivið sem það vill nýta við sköpun sína. Að gefa góðan tíma í hvert verk sem og sem umræður um það. Draga úr stýringum.
Hvaða árangri er stefnt að?	Að safna að okkur fjölbreyttum efnivið í endurnýjuðu húsi og hafa aðgengilegt fyrir allar deildir
Aðgerðir til umbóta	Fá fræðslu á starfsdegi um sköpun fyrir alla starfsmenn. Að virkja foreldra og starfsfólk í efnissöfnun.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í desember 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Hvert barn geri a.m.k. eitt verk þar sem barnið kemur sjálft með hugmynd og fær tíma og tækifæri til að útfæra það sjálft. Í lok annar verður svo sýning. Skráning á ferlinu bæði texti og myndir með.
Viðmið um árangur	Að barnið læri að sýna frumkvæði við verkin sín og starfsfólk gefi því tíma til þess.





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru seint fram að þessu sinni vegna anna við flutninga. Mikil vinna hefur farið í að gæta þess að allt húsnæðið sé í lagi og fá til þess iðnaðarmenn. Starfsþróunarsamtöl eru áætluð í vikunni 26. -29. maí 2026.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Næsta skólaár þurfum að fá skyndihjálparfræðslu fyrir allt starfsfólk. Miðað við umbótaráætlun þá þurfum við einnig að sækja okkur fræðslu um sköpun, hreyfingu og útinám.

Á fyrsta starfsdegi haustsins munum við byrja á fræðslu um skyndihjálparfræðslu auk þess að skipuleggja flutninga á milli deilda og aðlögun nýrra barna. Á starfsdegi í september munum við fá fræðslu um sköpun og fara í smiðjuvinnu í kjölfarið á henni. Á starfsdegi í nóvember munum við fá fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útináms auk þess sem undirbúningur verður fyrir foreldraviðtöl. Í febrúar er starfsdagur í tengslum við dag leikskólans og er ætlunin að sækja fyrirlestra tengda honum auk endurmats. Menntastefnamót er svo þann 27. apríl þar sem leik-, grunnskólar og frístund eiga námskeiðsdag saman. Síðasti starfsdagur skólaársins er svo ætlaður í félagslegan hristing starfsmanna.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Grunnskólinn hefur síðustu ár boðið væntanlegum skólabörnum í eina heimsókn að vori á leikskólatíma. Þar sem í Grandaborg verða börn sem tilheyra bæði Grandaskóla og Melaskóla munum við tvískipta hópnum.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Maí 2027	Heimsókn í skóla og frístund	Grandaskóli og Melaskóli	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskólastjóri





7. Foreldrasamstarf

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og er það endurnýjað ár hvert. Á haustin eru foreldrakynningar á öllum deildum og foreldrum gefin kostur á að bjóða sig fram í foreldraráð sem og foreldrafélag. Foreldrafélagið fundar reglulega og styrkir ýmsar uppákomur í leikskólanum og sér alfarið um sumarhátíðina. Auk þess hefur foreldrafélagið staðið fyrir sveitaferð síðustu tvö ár. Endurnýjun í félaginu á sér stað á hausti hverju.

Upplýsingagjöf til foreldra fer fram með samtölum á hverjum degi, með tölvupóstum og föstudagspósti með upplýsingum um hvað var gert þá vikuna. Þá eru settar myndir inn í Völuappið sem foreldrar hafa tækifæri á að skoða. Foreldrum boðið í kaffi að hausti og aftur að vori. Ef á þarf að halda er boðað til sérstaks foreldrafundar. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og maí.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á næsta skólaári verða skipulagsdagarnir þessir:

- 28. ágúst 2026
- 30. september 2026-sameiginlegur með grunnskólunum
- 13. nóvember 2026
- 5. febrúar 2027 - sameiginlegur með grunnskólunum
- 27. apríl 2027 - sameiginlegur með grunnskólunum
- 28. maí 2027

Leikskóladagatalið er í fylgiskjölunum (10.1).

9. Þróunarverkefni

Leikskólinn tekur ekki þátt í formlegum þróunarverkefnum um þessar mundir. Hins vegar er mikill áhugi meðal starfsfólks á að þróa og efla starfið áfram með áherslu á fjölbreyttar námsleiðir. Sérstakur áhugi er á verkefnum sem tengjast:

- Útinámi og náttúrutengdri kennslu,
- Sjálfsprottnum leik sem námsleið,
- Tónlist og skapandi starfi,
- Hreyfingu og vellíðan barna og starfsfólks.





10.2 Innra mat Mánalands 2025-2026

Styrkleikar

Sjálfspróttinn leikur: Í vetur lögðum við á Mánalandi mikla áherslu á sjálfspróttinn leik og skipulag námsrýmisins. Börnin fengu tíma og rými til að skapa eigin leik út frá áhuga og hugmyndum sínum. Starfsfólk deildarinnar tók eftir því að með því að gefa börnunum tíma til að skapa leik eflist frumkvæði þeirra og samvinna.

Málörvun: Á deildinni eru Lubba-stundir tvisvar sinnum í viku og hefur það gengið mjög vel. Börnin taka virkan þátt og virðast vera ná góðum tókum á máhljóðavinnu.

Samverustundir: Á hverjum degi tókum við fjölbreyttar samverustundir þar sem við lesum, syngjum eða förum í skemmtilega leiki.

Sköpun: Á deildinni er mjög gott námsrými fyrir sköpun og eins er aðgengi að fjölbreyttum efni við gott.

Vellíðan og ánægja: Að lokum má nefna að bæði foreldrar og starfsfólk hafa tekið eftir því hvað börnunum á deildinni líður vel og eru þau spennt að koma í leikskólann á hverjum degi.

Tækifæri

Sköpun: Það væri kjörið tækifæri að leggja enn meiri áherslu á sköpun og þá helst frjálsa sköpun barnanna.

Útinám: Áhugavert væri að þróa útinám frekar og gera það að reglulegum hluta af dagskipulagi deildarinnar.

Hreyfing: Áhersla verður lögð á markvissar hreyfistundir í sal með leikjum, þrautabrautum og fjölbreyttum æfingum. Eins væri gott að festa reglulegar gönguferðir í nærumhverfi leikskólans.





10.3 Innra mat Stjörnulands 2025-2026

Styrkleikar

Samvinna: Samstarf kennara og foreldra var afar gott þrátt fyrir breytingar og flutninga á skólaárinu. Góð samskipti og traust hafa eflt samstarfið og stuðlað að vellíðan barnanna.

Málörvun og Blær vináttuverkefni: Unnið var markvisst með málörvun og Blæ vináttuverkefnið yfir veturinn. Lögð var áhersla að efla samskipti og orðaforða í gegnum samverstundir, lestur og leiki.

Hópastarf: Í vetur gekk hópastarfið á deildinni almennt vel. Barnahópnum var reglulega skipt upp í hópa þar sem þau fengu að vinna fjölbreytt verkefni. Dæmi um verkefni í hópastarfi voru, listsköpun, hreyfileikir, tilraunir og ýmiskonar leikur.

Tækifæri

Sköpun: Áhersla verður lögð á að nýta listasmiðju betur og skapa fleiri tækifæri fyrir börnin til skapandi starfs í daglegu starfi deildarinnar. Stefnt er að því að hafa skipulagðar sköpunarstundir sem styðja við ímyndunarafli og frumkvæði barnanna.

Samstarfsverkefni: Börnin fá tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefni með heimilinu þar sem þau koma með bréf eða myndir að heiman og segja frá einhverju skemmtilegu sem hefur átt sér stað nýlega í lífi þeirra. Verkefnið verður nýtt í samverustundum til að efla tjáningu, sjálfstraust og tengsl milli heimilis og leikskóla.

Lýðræði og frumkvæði: Styrkja áhugasvið barnanna með því að nota þeirra hugmyndir. Við viljum hlusta á hugmyndir þeirra og gefa aukið svigrúm til þátttöku á vali á verkefnum í daglegu starfi.





10.4 Innra mat Fiskalands 2025-2026

Styrkleikar

Sjálfspróttinn leikur: Sjálfspróttinn leikur gekk mjög vel í vetur. Dagarnir einkenndust að mestu af frjálsum leik í flæði þar sem börn fengu svigrúm til að þróa leik og samskipti á eigin forsendum.

Þemaverkefni: Í vetur var deildin að vinna með fjölbreytt þemaverkefni sem komu vel út og var mikil ánægja með það. Meðal annars voru verkefnin um Hallgrímskirkju, hvali og fjölskylduboð þar sem börnin fengu að bjóða einum fjölskyldumeðlimi í hádegisverð.

Sögustundir og hvíld: Börnunum var skipt í hópa þar sem lesið er fyrir þau bók í rólegri og notalegri stund. Þetta hefur gengið vel í vetur.

Tækifæri

Málörvun/Lubba-stundir: Áhersla verður lögð á að festa Lubba- stundir betur í sessi á deildinni svo málörvun verði markvissari og sýnilegri í daglegu starfi.

Blær: Vinna meira með vináttuverkefnið Blær. Setja upp stundir þar sem unnið er með vináttu og jafnvel gera þemaverkefni í kringum það.

Námsumhverfi: Koma okkur enn betur fyrir á deildinni og skipuleggja námsumhverfi barnanna betur með tilliti til barnahópsins og sjálfspróttna leiksins.





10.5 Innra mat Drekalands 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Sjálfsprottinn leikur: Í vetur hefur sjálfsprottinn leikur verið stór og mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar. Börnin hafa fengið tækifæri til að skapa eigin leik, þróa hugmyndir sínar og efla samskipti sín á milli.

Vettvangsferðir: Í vetur fórum við í fjölbreyttar vettvangsferðir þar sem nýttum nærumhverfið okkar og heimsóttum skemmtilega staði eins og Þjóðminjasafnið og Grasagarðinn. Þá fórum við einnig vel heppnaðar leikhúsferðir, tónleika og svo núna í vor var farið í Vatnaskóg í útskriftarferð.

Þrautabrautir og þemaverkefni: Fjölbreytt þemaverkefni voru unnin í allan vetur á deildinni. Til að mynda voru unnin plánetu verkefni og allskonar verkefni tengd náttúrunni. Við vorum einnig með þrautabrautir reglulega yfir veturinn sem vöktu mikla lukku.

Útinám: Farið í fjöruferðir og náð í efnivið, nærumhverfi nýtt vel í fjölbreytt og skemmtilegt útinám. Hver hópur hefur farið einu sinni í viku í vetur í útinám.

Tækifæri

Lubbi: Vinna áfram markvisst með Lubba í fjölbreyttum verkefnum.

Samverustundir og söngstundir: Hafa betra skipulag og vera í minni hópum.

Útinám: Halda áfram að vera með skapandi útinám og aðlaga námið að nýju starfsumhverfi.





10.6 Umbótaáætlun Mána- og Stjörnulands 2026-2027

Mánaland og Stjörnaland	
Umbótaþáttur:	Listsköpun
Tækifæri til umbóta	Að auka fjölbreytni í skapandi starfi og gefa börnum fleiri tækifæri til að tjá sig í gegnum sköpun og listir.
Aðgerðir til umbóta	Bjóða upp á fjölbreyttan efnivið, vinna með liti, form, leit og náttúrulegan efnivið. Setja upp skapandi vinnusmiðjur í litlum hópum. Hafa verkin sýnileg.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, myndir af ferli og verkum barna.
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none"> • Börnin sýna aukin áhuga á skapandi starfi. • Börnin tjá hugmyndir sínar í gegnum list og sköpun. • Börn prófa að vinna með fjölbreyttan efnivið.

Mánaland og Stjörnaland	
Umbótaþáttur:	Hreyfing og útinám
Tækifæri til umbóta	Að nýta útisvæði markvissar í námi og leik.
Aðgerðir til umbóta	<ul style="list-style-type: none"> • Skipulagðar útikennslustundir • Hreyfing daglega • Prautabrautir, leikir og fleira sem ýtir undir hreyfiþroska.
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, myndir og samræður
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none"> • Börnin taka virkari þátt í útiveru • Aukin hreyfigeta og sjálfstraust • Börn sýna áhuga á náttúru og umhverfi • Hreyfing verði hluti af skipulögðu dagskipulagi





Mánaland og Stjörnaland

Umbótaþáttur:	Málörvun og samskipti barna
Tækifæri til umbóta	Að efla orðaforða barna í daglegu starfi og auka markvissa málörvun.
Aðgerðir til umbóta	<ul style="list-style-type: none">• Lestrarstundir daglega• Markvissar Lubbastundir í hópastarfi• Merkja leikskvæði og hluti með orðum og myndum.• Innleiða fleiri leiki sem ýta undir málörvun og söng, t.d í samverustundum.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, athuganir og fundir.
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none">• Börnin nota fjölbreyttari orðaforða.• Aukin þátttaka og virkni í samræðum og hópastarfi.• Börnin sýna meiri áhuga á bókum og lestri.





10.7 Umbótaáætlun Fiskalands og Drekalands 2026-2027

Fiskaland og Drekaland	
Umbótaþáttur:	Málörvun: Lubbi
Tækifæri til umbóta	Að efla málþroska og orðaforða barna í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta	<ul style="list-style-type: none">• Setja í dagskipulag fastar vinnustundir þar sem börnin vinna í litlum hópum með Lubbaverkefni.• Nota samveru- og söngstundir stundir til að hafa Lubba sýnilegan í starfi.• Merkja leiksvæði og hluti með Lubba myndum.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, athuganir og mat.
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none">• Börnin sýna aukin málskilning og orðaforða.• Börnin sýna áhuga á máhljóðum, bókstöfum og lestri.

Fiskaland og Drekaland	
Umbótaþáttur:	Samverustundir og söngstundir
Tækifæri til umbóta	Að efla þátttöku allra í samveru- og söngstundum. Gera þessar stundir meira skapandi og fjölbreyttari.
Aðgerðir til umbóta	<ul style="list-style-type: none">• Hafa samveru- og söngstundir inn á deildum daglega.• Nota fjölbreytt lög, hreyfisöngva og leiki• Gefa börnum tækifæri til að velja lög sem þau vilja syngja.• Nota sjónrænt skipulag, nota sögupoka til að auka áhuga einbeitingu.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, athuganir á þáttöku barna og samræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none">• Börnin taka virkari þátt í samverustundum.• Börnin sýna aukinn áhuga á söng• Aukin gleði, þátttaka og einbeiting í samverustundum.





Fiskaland og Drekaland

Umbótaþáttur:	Hreyfing og útinám
Tækifæri til umbóta	Að efla hreyfiþroska og sjálfstæði með markvissri hreyfingu og fjölbreyttu útinámi.
Aðgerðir til umbóta	<ul style="list-style-type: none">• Skipuleggja reglulegar hreyfistundir og útikennslu.• Fara í vettvangsferðir og náttúruskoðun í nærumhverfi.• Þjóða upp á hreyfiverkefni, hópleiki og krefjandi þrautarbrautir.• Nýta útisvæði til læsis og rannsókna/könnunar• Hafa fjölbreytt samvinnuverkefni
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar, ljósmyndir og umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur:	<ul style="list-style-type: none">• Börnin sýna aukið sjálfstæði og frumkvæði í útinámi.• Börnin taka virkan þátt í hreyfingu og leikjum.• Bætt hreyfifærni, úthald og sjálfstraust.

F. h. leikskólans

Erna Guðlaugsdóttir

28. maí 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





10.8 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Grandaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug Haraldsdóttir

Helga Valborg Steinarsdóttir

Hildur Guðný Ásgeirsdóttir





Meðfylgjandi er umsögn foreldraráðs um starfsáætlun komandi skólaárs. Allir fulltrúar í foreldraráð eiga hlut í þessari umsögn.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Grandaborgar/Hagaborgar 2026–2027, dags. 11. júní 2026

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin endurspeglar vel að síðasta starfsár einkenndist af ítrekuðum flutningum og breytingum á starfsumhverfi barna- og starfsmannahópsins í heild sinni. Í áætluninni kemur skýrt fram að nú sé lögð áhersla á að byggja upp stöðugra og öflugra fagstarf í nýju sameinuðu húsnæði þar sem horft er til þeirra tækifæra sem leiða af staðsetningu og nærumhverfi skólans.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, sérstaklega varðandi þær áherslur sem framundan eru. Foreldraráð fagnar sérstaklega aukinni áherslu á hreyfingu barna, s.s. með markvissum ferðum í KR, og á útinám, svo og á bætt skipulag útsivæðis Grandaborgar með öryggi barna og yfirsýn starfsfólks í forgrunni. Einnig er jákvætt að stefnt sé að auknum tækifærum barna til sköpunar og bættu aðgengi að fjölbreyttum efnivið, enda kom fram í foreldrakönnun að þar væru tækifæri til umbóta.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð telur jákvætt að við gerð starfsáætlunar hafi verið horft til þeirra áskorana sem leiddu af flutningum síðustu ára og lögð áhersla á að vinna úr þeim með uppbyggilegum hætti á komandi starfsári. Það er þó erfitt að leggja heildstætt mat á síðasta starfsár þar sem foreldrar tóku ekki beinan þátt í innra mati leikskólans að þessu sinni, heldur eingöngu starfsfólk. Með hliðsjón af því telur foreldraráð mikilvægt að horft sé til niðurstaðna foreldrakönnunar Hagaborgar sem kom almennt vel út og sýnir að foreldrar telja að börnum líði vel og að þau séu örugg í leikskólanum. Foreldraráð telur þessa niðurstöðu könnunarinnar ekki hvað síst mikilvæga með hliðsjón af því umróti sem fylgdi ítrekuðum flutningum á síðasta ári, og sem eðli máls samkvæmt gerðu foreldrum erfiðara fyrir að viðhalda innsýn í leikskólastarfið og leikskólaumhverfið.





Foreldraráð leggur áherslu á að þau börn sem útskrifast vorið 2027 hafa upplifað miklar og ítrekaðar breytingar og flutninga á leikskólagöngu sinni. Því er mikilvægt að starfið næsta skólaár verði markvisst, stöðugt og faglegt, þannig að börnin fái gott síðasta ár í leikskóla. Í starfsáætlun kemur fram að unnið verði að nýrri námskrá, eflingu læsis og skipulagi fyrir hvern aldur. Foreldraráð hvetur til þess að þessi vinna hefjist af krafti strax að hausti, og að markmið og skipulag fyrir elstu börnin liggi sem fyrst ljóst fyrir þannig að unnt sé að horfa til þess í sem mestum mæli á haust- og vormisseri. Mikilvægt sé að lágmarka alla óvissu eftir mikið rót síðustu ára. Í þessum efnum ítrekar foreldraráð mikilvægi þess að stjórnendur og starfsfólk á Grandaborg njóti fullnægjandi stuðnings frá Reykjavíkurborg í öllu því tilliti þar sem slíks kann að vera þörf.

Foreldraráð lýsir yfir áhyggjum af því að til standi að reisa aukahús fyrir tvær deildir á lóð Grandaborgar, með tilheyrandi raski á lóð og skólaumhverfi barna á framkvæmdatíma, minnkun á leiksvæði til frambúðar og auknum fjölda barna um það leiksvæði sem eftir stendur. Foreldraráð telur mikilvægt að við framkvæmdirnar verði öryggi barna, gott skipulag og eðlileg verkframvinda í fyrirrúmi. Að leiðarljósi skuli haft að lágmarka neikvæð áhrif á barnahópinn með hliðsjón af þeim aðstæðum sem börnin hafa þurft að þola undanfarin misseri. Foreldraráð gerir athugasemdir við að þrengt sé að útisvæði barna á Grandaborg enda eru frjáls leikur utanhúss og útinám ein af grunnstoðum leikskólanáms. Foreldraráð hvetur Reykjavíkurborg til að íhuga aðrar leiðir til að fjölga leikskólalássum í Vesturbæ Reykjavíkur sem ekki bitna á gæðum náms og leiksvæðum barna í leikskólum, s.s. með því að reisa nýja leikskóla á endurskipulögðum lóðum (N1-reitur, KR-svæði, Hagatorg, Bílastæði Þjóðarbókhöfðu o.fl.).

Foreldraráð lýsir ánægju með þá áherslu sem lögð er á að efla faglegt menntastarf með áherslu á læsi, sköpun, hreyfingu og útinám.

Þá áréttar foreldraráð að í því felast tækifæri fyrir leikskólastarf á Grandaborg að nú standi þar yfir ákveðið skipulags- og uppbyggingarferli, og að unnt sé að horfa til áherslna og arfleifðar bæði Hagaborgar og Grandaborgar í þeim efnum. Foreldraráð þakkar leikskólastjórnendum og starfsfólki sérstaklega fyrir fagmennsku sína og þrautseigju í verulega krefjandi aðstæðum á liðnu starfsári, og hvetur til áframhaldandi góðs samtals milli foreldra, stjórnenda og starfsfólks á þessum jákvæðu tímamótum.

Bestu kveðjur,

Helga Valborg, Áslaug og Hildur Guðný





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



